

Föstudaginn 27. desember 1991.

Nr. 510/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Katarínusi Grími Ingvasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 20. þ.m., sem barst Hæstarétti 23. þ.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Fallast má á það með héraðsdómara, að ætla meg, að varnaraðili haldi áfram afbrotum, ef hann er látinn vera laus, meðan máli hans er ekki lokið. Ber því samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 20. desember 1991.

Ár 1991, föstudaginn 20. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Úlfari Lúðvíkssyni fulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Katarínusi Grími Ingvasyni, atvinnulausum og heimilislausum, en með lögheimili að Jórufelli 6, Reykjavík, kt. 130568-3359, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 31. janúar nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

RLR hefur haft til meðferðar kæru frá Sparisjóði Kópavogs vegna skjalafals kærða, er hann fékk afhent tékkhefti á reikning móður sinnar, Þorbjargar Katarínusdóttur, með því að falsa umboð frá henni til sín um afhendingu tékkheftis og með notkun fjölda falsaðra tékka úr tékkheftinu. Þá hefur RLR haft til meðferðar kæru frá Birgi Gíslasyni, kt. 200736-4279, á hendur kærða vegna þjófnaðar á fatnaði og tékkhefti á Sparisjóð Mýra-

sýslu og notkun falsaðra tékka úr heftinu. Einnig liggur frammi kæra frá Hagstofu Íslands á hendur kærða vegna skjalafals og tilraunar til þess að fá út gefið nafnskírteini á nafni annars manns. Þá hefur hann verið kærður fyrir ökugjaldssvik með notkun á fölsuðum tékka á tékkhefti frá Sparisjóði Kirkjubóls- og Fellshreppa auk annars misferlis með ávísanir.

Við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi hefur kærði játað að hafa falsað umboð frá móður sinni til sín, svo að hann gæti leyst til sín tékkhefti á hennar nafni, jafnframt því að viðurkenna að hafa falsað fjölda tékka úr tékkheftinu. Kærði kvaðst saklaus af því að hafa stolið mittisúlpu og tékkhefti í eigu Birgis Gíslasonar, en viðurkennir á hinn bóginn að hafa falsað og notað í viðskiptum fjölda tékka úr hefti í eigu Birgis. Þá hefur hann viðurkennt að hafa lagt inn falsaða umsókn um nafnskírteini á Hagstofu Íslands í nafni Erlings Gígja. Þá hefur kærði viðurkennt að hafa framvísað fölsuðu umboði frá Álfheiði Magnúsdóttur í útibúi Landsbanka Íslands við Höfðabakka í Reykjavík og þannig komist yfir tékkhefti á hennar nafni. Kvaðst kærði viðurkenna að hafa falsað þrjá tékka úr því hefti. Hafi hann greitt ökugjald leigubifreiðar, að fjárhæð um 550 kr., með einum þeirra, annan hafi hann notað við kaup á blómum, að fjárhæð 4.000 kr., og hinn þriðja, að fjárhæð 20.000 kr., kvaðst hann hafa framselt í Íslandsbanka við Kringluna, Reykjavík. Andvirðið hafi runnið til Hjalpræðishersins.

Brot kærða eru öll framin í desembermánuði.

Afbrotaferill kærða er nokkur, og má því til sönnunar nefna, að RLR hefur haft til meðferðar að undanfögnu tíu mál á hendur kærða vegna hegningarlagabrota, sem nú hafa verið send ríkissaksóknara til ákvörðunar. Um er að ræða þjófnaðar- og skjalafalsmál, og hefur kærði játað aðild sína að þeim hjá RLR.

Hinn 12. september sl. var kærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi óskilorðsbundið í sakadómi Reykjavíkur fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Brot kærða voru framin í mars 1991.

Upplýst er, að kærði stundar ekki launaða vinnu og hefur ekki fastan dvalarstað. Níu af þeim tíu málum, sem send hafa verið ríkissaksóknara, eru vegna brota, sem framin eru á árinu. Af framansögðu er ljóst, að afbrotaferill kærða er samfelldur, og verður hann að teljast síbrotamaður, sem hefur ekki ofan af fyrir sér með heiðarlegum hætti. Þykir því ljóst, að veruleg hætta er á því, að hann haldi áfram brotum, haldi hann óskertu frelsi sínu.

Brot þau, sem kærði er nú grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu skv. 155. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Mikilvægt er, að lokið verði við rannsókn og meðferð kærðumála á hendur honum.

Með vísan til framanritaðs og skírskotunar til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga

nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR til greina. Kærði skal því sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 31. janúar nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Katarínus Grímur Ingvason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 31. janúar nk. kl. 16.00.
